

# Alþingi, fornritin og tuttugasta öldin

JÓN KARL HELGASON

## Fornritin sem þjóðareign

Í árslok 1941 voru samþykkt lög á alþingi sem kváðu á um að íslenska ríkið hefði eitt rétt til þess að gefa út fornbókmenntir þjóðarinnar, það er að segja íslensk rit samin fyrir árið 1400. Forsenda laganna var sú hugmynd að þessi bókmenntaverk væru, líkt og fiskimiðin umhverfis landið, sameign allra landsmanna og var talið æskilegt að hið opinbera færi með þennan eignarrétt fyrir hönd þegnanna. Það var þó ekki þar með sagt að ríkið ætti eitt að annast útgáfu alls bókmenntaarfsins. Rétt eins og sjávarútvegsráðuneytið annast úthlutun á veiðiheimildum til útgerðarmanna, var kennslumálaráðuneytinu heimilt að veita einkaaðilum leyfi til útgáfu einstakra verka, og mátti binda leyfið því skilyrði að fylgt yrði sérstakri stafsetningu, svonefndri samræmdri stafsetningu fornri. Þá var tekið fram að Hið íslenska fornritafélag hefði ótakmarkaða heimild til útgáfu fornritanna.

Nú kann einhverjum að koma á óvart að íslenskir þingmenn hafi verið að velta fyrir sér útgáfu og stafsetningu á fornritum á þessu tímabili. Heimsstyrjöldin síðari stóð sem hæst, erlent herlið var í landinu og óvissa ríkti um framtíð konungssambands Íslands og Danmerkur. Þetta var tímabil umtalsverðra þjóðfélagsbreytinga. Uppgangur var í efnahagslífinu eftir kreppu fjórða áratugarins en jafnframt ríkti viss upplausn í menningarlífinu, meðal annars vegna aukinna erlendra áhrifa og örrar þéttbýlismyndunar. Í þessu umróti höfðu ýmsir þungar áhyggjur af framtíð íslenskrar menningar. Flestum þótti brýnt að varðveita þjóðlegar hefðir og skapa samhengi á milli fortíðar og framtíðar, sveita og bæjar. Hins vegar var tekist harkalega á um hvernig best væri að tryggja þetta samhengi.

Lögin um einkarétt ríkisins á útgáfu fornritanna voru hluti af þessum átökum. Um þau urðu ekki aðeins harðar deilur á þingi heldur lauk fyrsta og eina dómsmálinu sem höfðað var á grund-

Á vinstri síðu: Finna þau þar Höskuld veginn eftir Þorvald Skúlason í útgáfu Halldórs Laxness á Brennunjalssögu 1945.



Halldór Laxness.

velli þeirra á því að Hæstiréttur úrskurðaði að lögin stæðust ekki ákvæði stjórnarskrár. Á yfirborðinu virtist málið snúast um verndun þjóðlegra verðmæta – að hver sem er gæti ekki gert hvað sem er við fornþókmenntirnar. Í raun snerist það hins vegar um ólík viðhorf Íslendinga til þókmenntaarfsins, pólitískt forræði í menningarmálum og einn umdeildasta rithöfundur þjóðarinnar um þær mundir, Halldór Laxness.

### Fornritin sem helgur dómur

Ástæða þess að löggin umdeildu voru sett í desember árið 1941 var sú að tveimur mánuðum fyrir hafði komið fram í einu dagblaðanna að Ragnar Jónsson bókaútgefandi hefði í hyggju að gefa út stytta útgáfu af Laxdæla sögu með nútímastafsetningu og hefði Halldór Laxness verið ráðinn til að annast verkið. Þá hafði um nokkurt skeið tíðkast að gefa fornritin út með stafsetningu sem átti að líkja eftir rithætti elstu handrita en hafði verið samræmd af erlendum og innlendum fræðimönnum á níjtjándu og tuttugustu öld. Munurinn á nútímastafsetningu og samræmdri fornri stafsetningu fólst meðal annars í ólíkum rithætti einstakra sérhljóða (ö var ritað ýmist ø eða o, æ ýmist sem æ eða æ), orðmynda, (ég og og ritað sem ek og ok) og endinga (maður ritað sem maðr).

Áform Ragnars vöktu hörð viðbrögð, fyrst í dagblöðum en síðar á alþingi. Markmiðið með lögunum um einkarétt ríkisins á útgáfu fornritanna var beinlínis að koma í veg fyrir boðaða útgáfu Laxdælu. Þeir Ragnar, Halldór og Stefán Ögmundsson prentari brugðust hins vegar skjótt við og tókst að gefa söguna út áður en löggin voru afgreidd á þinginu. Ári síðar gáfu þeir út aðra Íslendingasögu, Hrafnköttlu, í trássi við löggin og hlutu dóm fyrir tiltækið í undirrétti. Var þeim gert að gjalda fjársektir eða sitja að öðrum kosti 45 daga í fangelsi. Þeir áfrýjuðu dómnum á þeirri forsendu að löggin sem dæmt var eftir brytu í bága við ákvæði stjórnarskrárinnar um prentfrelsi. Á meðan málið var til meðferðar í Hæstarétti vorið 1943, tókst þeim síðan að fá leyfi hjá Einari Arnórssyni, þáverandi kennslumálaráðherra (og fyrrum tengdaföður Halldórs), til að gefa út Njáls sögu. Alþingi brást að þessu sinni við með því að samþykkja þingsályktun þar sem mælt var til þess að Bókaútgáfa Menningarsjóðs og Þjóðvinafélagsins, sem var ríkisrekin, sendi frá sér aðra útgáfu af sögunni. Var henni ætlað að spilla fyrir væntanlegri útgáfu Halldórs Laxness.

Að þingsályktunartillögunni um opinbera útgáfu Njálu stóðu þrír þingmenn, þeir Helgi Jónasson, Ingólfur Jónsson og Sveinbjörn Högnason. Í álitgerð með tillögunni sögðu þeir meðal annars: „Við sem Njálu unnum, viljum með þessari þingsálykt-

un sjá svo um, að þjóðinni gefist kostur á að eignast hana í ódýrri og vandaðri útgáfu, þar sem ekki finnst fingraför þeirra manna, sem allt vilja draga niður í sorpið og jafnvel þyrma ekki okkar dýrmætustu listaverkum eins og Njálu frá þeim örlögum.“ Myndmálið gefur til kynna að verið sé að fordæma freklega saurgun eða afhelgun helgra gripa. Svipaðar hugmyndir voru reyndar á kreiki 1941 þegar fornritalögin voru samþykkt, en þá sagði Jakob Möller fjármálaráðherra að lagafrumvarpið væri flutt af mönnum „sem skoða fornritin sem helgan dóm, sem ekki megi misbjóða“.


### Fornritin sem verðmæti

Þegar hin opinbera útgáfa Njáls sögu kom út hjá Bókaútgáfu Menningarsjóðs og Þjóðvinafélagsins lýðveldisárið 1944 skrifaði Vilhjálmur Þ. Gíslason í inngangi að Íslendingasögurnar væru „meðal mestu og beztu verðmæta íslenskrar menningar“, en af þeim væri Njála ekki aðeins stærst og yfirgripsmest, heldur „auðugust á margan hátt“. Orð Vilhjálms kallast á við ræður þingmannanna sem ályktuðu um útgáfuna á alþingi, ekki síst Helga Jónassonar. „Það er nú svo með okkur Íslendinga,“ sagði Helgi, „að við erum fátækir og fámennir, og við eigum lítinn veraldarauð, en við eigum einn auð, það eru fornbókmenntir okkar. Það mun vera nær eins dæmi að svo fámenn þjóð sem við erum eigi slíka gimsteina sem fornritin eru.“ Hér er á ferðinni myndmál sem hefur um langa hríð einkennt umræður Íslendinga um menningarmál og birtist meðal annars í stírnúðum hugtökum á borð við „bókmenntaarfur“ og „menningarverðmæti“.

Við sama tækifæri gagnrýndi Helgi útgáfu Halldórs Laxness á Laxdælu á þeirri forsendu að bókin hefði verið illa prentuð og pappírinn lélegur. „Það er auðséð,“ sagði hann, „að þetta var gert til þess að græða á því fé, en ekki til þess að auka gildi íslenskra bókmennta.“ Hér virðast tvær hugmyndir búa að baki. Annars vegar er gefið í skyn að óeðlilegt sé að einstaklingar geti gert sér að fepúfu þjóðareign á borð við fornritin. Þetta atriði, sem minnir á gagnrýni manna á kvótakerfið, hafði áður borið á góma í þingumræðum um fornritalögin árið 1941, en þá sagði Jakob Möller að eitt markmið laganna væri að tryggja „að fornritin verði ekki afbökuð í gróðaskyni“.

Hins vegar fela orð Helga í sér að útgáfur fornritanna þurfi helst að endurspeglar hvílikir gimsteinar þessar bækur eru. Í þessu sambandi er athyglisvert að þegar útgáfa Halldórs á Brennunjalssögu kom út árið 1945 mælti útgefandinn Ragnar Jónsson svo fyrir „að ekkert skyldi til spara að gera útgáfuna sem vandaðasta“, eins og Halldór komst að orði í eftirmála.

Titilsíða Njáluútgáfu Menningarsjóðs frá 1944.



# LAXDÆLA SAGA

HALLDÓR KILJAN LAXNESS  
GAF ÚT

MEÐ LÖGSKIPADRI STAFSETNINGU  
ÍSLENZKA RÍKISINS

REYKJAVÍK 1941

RAGNAR JÓNSSON, STEFÁN ÖGMUNDSSON

Titílsíða Laxdæluútgáfu Halldórs Laxness frá 1973.

Verkið er í óvenjulega stóru broti, vönduðu bandi og auk þess ríkulega myndskreytt. Halldór minnti á að útgáfan ætti að þessu leyti að minna á hin fornu handrit en þau voru vissulega dýr í framleiðslu og þykja enn ómetanlegir dýrgripir. Ragnar ætlaði augljóslega ekki að láta saka sig um að „rýra gildi“ Njálu.

Þessi þáttur í viðhorfum Íslendinga til fornþókmenntanna á tuttugustu öld skarast við baráttu þjóðarinnar fyrir því að ná handritunum sjálfum úr dönskum skjalasöfnum. Sú baráttu var framlenging af íslenskri sjálfstæðisbaráttu; hún snerist um eignarrétt þjóðarinnar yfir menningarlegum krúnudjásnum sínum.

## Fornritin sem héraðssögur

Í umræðum um fornritalögin á alþingi árið 1941 tók Þorsteinn Þorsteinsson sýslumaður í Dalasýslu til máls og sagði álit sitt á nýútkominni útgáfu Halldórs Laxness á Laxdælu. „Það sýslufélag, sem ég er við riðinn, hefur nú orðið fyrir því óláni að fá meginsögu sína, Laxdælu, gefna út með nýmóðins stafsetningu, formála-, registurs- og skýringalaga og alla meira eða minna skrumskælda,“ sagði Þorsteinn og kvaðst styðja frumvarpið um einkarétt ríkisins á útgáfu fornra rita svo fleiri héruð landsins lentu ekki „í sama foraðinu“. Málflutningur Þorsteins vekur athygli á að þótt lítið væri á fornritin sem þjóðareign gerðu einstök héruð sérstakt tilkall til þeirra Íslendingasagna sem þeim tengdust. Svo haldið sé samlíkingu við kvótakerfið má segja að menn hafi gengið út frá eins konar byggðakvóta þegar kom að vissum sögum.

Í þessu sambandi má benda á að þremmenningarnir sem mæltu fyrir útgáfu hins opinbera á Njals sögu á alþingi árið 1943 voru allir búsettir í Rangárvallasýslu, á svonefndum Njáluslóðum. Helgi Jónasson var héraðslæknir og sat á Stórólfs-hvoli í Fljótshlíð, Sveinbjörn Högnason var prestur á Breiðabólstað í Fljótshlíð og Ingólfur Jónsson bjó á Hellu á Rangárvöllum. Þeir Helgi og Ingólfur voru þingmenn héraðsins en Sveinbjörn þingmaður Vestur-Skaftfellinga. Án þess að slíkt hafi verið sagt beinum orðum má ætla að afskipti þessara manna af málinu hafi helgast af hagsmunum umbjóðenda þeirra og nágretta heima í héraði.

Málið snerist þó ekki síður um sannleiksgildi Íslendingasagna en meðal þess sem þessir þingmenn gagnrýndu Halldór Laxness fyrir var að afbaka sögurnar sem sögulegar heimildir. Þannig þótti Þorsteini Þorsteinssyni slæmt að ýmsu hefðu verið sleppt í *Laxdælu* Halldórs, þar á meðal „ættarsamböndum og bólfestu manna. Mér þykir það eiga illa við og tel, að ekki sé rétt að fara þannig með forn, sígild heimildarrit.“ Helgi Jónas-

e g i l l s k a l l a g r i m s s o n

Hér er á ferðinni rannsóknarsaga um Egil Skallagrímsson. Sagan er byggð á sönnun atvæðum úr Íslendingasögnum. Lestu ef þú þorir.




Upphaf myndasögu Búa Kristjánssonar eftir Egils sögu, úr Zetu 2/1 (2001).

son tók í svipaðan streng árið 1943 og benti á að ættartölurnar í Íslendingasögnum væru nauðsynlegar til skilnings á því af hverju persónur sagnanna stæðu í mannvígum.

Helgi bjó, eins og fyrr sagði, á Stórolfshvoli í Fljótshlíð en í ættartölu í nítjándka kafla í óstyttnum útgáfum Njál's sögu kemur fram að Stórolfur nokkur Hængsson hafi verið langafi Gunnars á Hlíðarenda – faðir Hrafnhildar, móður Hámundar, föður Gunnars. Helgi á Stórolfshvoli hafði væntanlega lítinn áhuga á að þær upplýsingar hyrfu úr almenningsútgáfum Njálu.

Fornsagnahverfið í Reykjavík. Á fyrri hluta 20. aldar voru götuheiti í Reykjavík mjög sótt til Íslendingasagna og var þeim ætlað að endurspegla söguþráð sagnanna. Skarphéðinsgata liggur til austurs og suðurs frá Bergþórugötu og Njálsgötu – en á milli þeirra hjóna er barnaleikvöllurinn Barónsborg sem minnir á örlög þeirra í Njálsbrennu þar sem þau lögðust til hinstu hvílu með barnabarn sitt Þórð Kárason á milli sín. Gunnarsbraut liggur þvert yfir Skarphéðinsgötu og í vesturátt er minnst frásagna af Kára og Birni úr Mörk í síðasta hluta sögunnar. Á svipaðan hátt má fylgja söguþræði Laxdælu eftir Auðarstræti að Bollagötu, Guðrúnargötu, Kjartansgötu og Hrefnugötu. Þessi götuheiti endurspegla ástamál sögunnar enda er Guðrún höfð á milli Kjartans og Bolla. Göturnar sunnan og vestan Skarphéðinsgötu, Karlagata, Vífilsgata, Mánagata og Skeggjagata, bera nöfn úr landnámi Ingólfs en Flókagata er kennd við Hrafna-Flóka.



### Fornritin sem almenningseign

Þau viðhorf sem hér hafa verið reifuð eru lýsandi fyrir ríkjandi afstöðu Íslendinga til Íslendingasagna á fyrri hluta tuttugustu aldar. Útgáfustarf Halldórs Laxness á fimmta áratugnum gekk í berhögg við þessi viðhorf með ýmsum hætti. Í fyrsta lagi leit Halldór svo á að ef Íslendingasögurnar ættu að halda gildi sínu í nútímanum væri nauðsynlegt að gera þær eins aðgengilegar almenningi og framast væri unnt. Þessa skoðun viðraði hann strax árið 1935 í stuttri blaðgrein sem var skrifuð í tilefni af nýlegum útgáfum Hins íslenska fornritafélags á Egils sögu og Eyrbyggju. Halldór mótmælti því að íslenskir fræðimenn gæfu þar fornnritin út með samræmdri fornri stafsetningu, slíkt væri fjandskapur við fornbókmenntirnar og aðeins til þess fallið að hrinda almennum lesendum frá sögunum.

Í þessu efni átti Halldór sér skoðanabræður á alþingi sem börðust gegn fornritalögunum. Meðal þeirra var Magnús Jónsson, prófessor í guðfræði við Háskóla Íslands, sem taldi óskynsamlegt að gefa fornnritin út með samræmdri fornri stafsetningu,

þar sem hún héldi við þeirri firru meðal þjóðarinnar að forna málið og nútímamálið væru tvö ólík tungumál. „Það má ekki fara með þetta eins og eiturlyf sem bara er hægt að fá gegn sérstöku recepti," sagði Magnús í þingumræðunum árið 1941.

Tveimur árum síðar komu áþekkt viðhorf fram hjá Sigfúsi Sigurhjartarsyni sem mæltist til þess að fornritin yrðu gefin út og endursköpuð með sem allra fjölbreyttustum hætti. Fræðimenn þyrftu að fá sínar fræðilegu útgáfur með fornri stafsetningu og ítarlegum formálum, almenningur vandaðar útgáfur á nútímamáli og börn sérstakar bækur með aðalköflunum úr helstu Íslendingasögnum. Og fleiri gerðir myndu fylgja í kjölfarið: „Ljóðskáld okkar og tónskáld eiga eftir að skapa ódauðleg verk úr Íslendingasögnum. ...Við eigum eftir að eignast málverk af skilnaði Kolskeggs og Gunnars og fleiri minnisstæðum atburðum sögunnar. ... Myndhöggvarar kæmu einnig fram á sjónarsviðið og festu sögurnar í málm og stein.“

Reyndar höfðu ýmsir íslenskir listamenn þegar starfað samkvæmt þessari stefnuskrá. Ljóðskáld höfðu um aldir fundið sér yrkisefni í fornritunum og á fyrri hluta tuttugustu aldar höfðu málara, leikskáld, skáldsagnahöfundar og tónskáld sótt í sama brunn. Á síðari hluta aldarinnar fylgdu fleiri listamenn í kjölfarið, þar á meðal Halldór Laxness sjálfur í skáldsögu sinni *Gerplu*, þar sem hann gekk enn lengra en áður í afhelgun fornritanna.

### Fornritin sem skáldverk

Í annan stað barðist Halldór hatramlega gegn þeim „misskilningi“, eins og hann komst að orði, að Íslendingasögurnar væru sagnfræðirit. Þess í stað leit hann svo á að þær væru skáldverk. Þetta viðhorf kemur með skemmtilegum hætti fram í inngangi Halldórs að Laxdælu þar sem hann líkir höfundi sögunnar við snjallan píanóleikara: „Er sem snillingurinn sé lengi að þreifa fyrir sér á hljómborðinu, og kemur niður á ýmis lög og lagabrot, sum rismikil, önnur dulúðug eða skopleg, en í lausu orsakasambandi innbyrðis, stundum jafnvel engu, en slær aðeins endrum og sinnum nokkra kontrapunktiska tóna höfuðtemans, sem ríkir þó leynilega yfir hug hans bak við öll önnur temu, unz það brýzt fram í seinni hluta verksins af óstöðvandi þunga og alhrífur höfund sinn.“

Lýsingar sem þessar fóru nokkuð fyrir brjóstið á þingmönnum. Jónas Jónsson frá Hriflu velti fyrir sér hvort Halldór myndi næst tala um „hvar kontrapunkturinn hafí verið í Guðrúnu Ósvífursdóttur eða Kjartani eða Bolla“. Jónas fann einnig að því að Halldór skyldi gefa í skyn að Laxdæla væri skáldskapur: „Það er hvorki meira né minna en að Laxdæla á öll að vera lygi.“ Í

svari við þessari athugasemd benti Magnús Jónsson guðfræði-  
prófessor hins vegar á að hugmyndir Halldórs væru ekkert eins-  
dæmi: „Sigurður Nordal hefur sýnt fram á, að Hrafnkels saga sé  
skáldsaga, og menn greinir á um það, hvað mikið af Íslendinga-  
sögunum sé skáldskapur og hvað raunverulegir atburðir.“

Staðreyndin er sú að Halldór var í þessum þætti málflutnings  
síns samstíga sumum þeim fræðimönnum sem gjarnan eru  
kenndir við „íslenska skólann“ í fornsagnarannsóknum, ekki síst  
þeim Sigurði Nordal og Einari Ólafi Sveinssyni. Í andstöðu við  
þá sem litu á sögurnar sem sagnfræðirit, afurðir munnlegrar  
sagnahefðar, lagði íslenski skólinn áherslu á að þær væru höf-  
undarverk, hápunktur einstæðrar bókmenntasköpunar á síðmið-  
öldum. Þessar hugmyndir urðu smám saman ofan á í umræðu  
íslensku þjóðarinnar um Íslendingasögurnar – áhugi manna  
fluttist frá hetjum sagnanna yfir á höfunda þeirra.

Sigurður Nordal lýsir þessari breytingu eftirminnilega í riti sínu  
um Hrafnkötlu þar sem hann bendir á að kenning íslenska skólans  
sé alls ekki til þess fallin að draga úr gildi sagnanna sem þjóðlegra  
djásna: „Um þjóðernismetnaðinn er það að segja, að í skarð þess,  
sem kann að saxast á hróður vígamanna og kraftamanna sögualdar,  
koma nýir afreksmenn, sem hingað til hefur verið skotið í skugg-  
ann: höfundar sagnanna. Er skaði að þeim skiptum?“

### Fornritin sem pólitískt vopn

Enda þótt þingumræðurnar á árunum 1941 og 1943 afhjúpi  
ýmis lykilverðhorf sem tengdust fornrítunum á tuttugustu öld er  
skýlt að geta þess að málið í heild snerist ekki síður um pólitík  
en bókmenntir. Helstu andstæðingar fornrítalaganna og þings-  
ályktunarinnar um útgáfu Njálu voru þingmenn Sameiningar-  
flokks alþýðu, Sósíalístaflokksins (SAS). Í málflutningi sínum  
héldu þeir því fram að bæði þessi mál væru runnin undan rif-  
um eins þingmanns Framsóknarflokksins, Jónasar Jónssonar frá  
Hriflu, en tilgangur hans væri að koma höggi á vinstrimenn og  
þá sérstaklega atkvæðamesta rithöfundinn í þeirra hópi,  
Halldór Laxness.

Jónas frá Hriflu – sem hafði reyndar sjálfur endursagt kafla úr  
fornritunum í lífseigri kennslubók sinni í Íslandssögu – tók svo  
til orða árið 1941 að fornrítalögin væru sett til að koma í veg  
fyrir að „kommúnistar“ gætu gefið fornritin út á „skrílmáli“  
fyrir „götulýðinn“. „Við getum þolað kommúnistum eitt og  
annað, en ekki bara þetta,“ sagði hann í þessu samhengi. Í  
áhrifamiklu embætti sem formaður Menntamálaráðs hafði Jónas  
haft hugmyndir um að Bókaútgáfa Menningarsjóðs réðist í út-  
gáfu á fornrítunum fyrir almenning og hann var allt annað en



ánægður þegar Halldór Laxness varð fyrri til. Þeir Halldór eldu reyndar grátt silfur saman á fjölmörgum vígstöðvum á þessum tíma, meðal annars í tengslum við umdeildar úthlutanir Menntamálaráðs á starfstyrkjum til íslenskra listamanna. Jónas hafði horn í síðu þeirra sem aðhylltust „óþjóðlegar“ listastefnur eða höfðu pólitískar skoðanir sem voru honum ekki þóknanlegar.

Að baki þessum átökum bjó sú trú beggja fylkinga að þeir sem „réðu yfir“ íslenskri menningu – þar með talið fornritunum – réðu jafnframt yfir íslensku þjóðinni. Það segir sína sögu um hið pólitíska andrúmsloft að báðir aðilar líktu andstæðingum sínum við þýska nasista. Séra Sveinbjörn Högnason, sem mælti fyrir útgáfu hins opinbera á Njáls sögu 1943, sagði til dæmis að hann vissi „um eina útgáfu af heilagri ritningu, sem er ekki til fyrirmyndar og ríkisbiskup Hitlers hefur leyft að gefa út, svo að fjallræðunni er alveg snúið við“. Með sama hætti myndi Halldór Laxness væntanlega breyta Njálu. Tveimur árum áður hafði Einar Olgeirsson, þingmaður SAS, líkt fornritalögnum við ritskoðun nasista: „Þetta eru bókabrennur sams konar og hjá Hitler, sem hér á að lögleiða. Er furðulegt, að slíkt skuli geta komið fram á Alþingi.“ Einar bætti því við að tilefnið væri ekki annað en það að Jónasi frá Hriflu væri illa við Halldór Laxness: „Fornbókmenntirnar mega ekki komast inn á heimilin, nema þá í túlkun Jónasar Jónssonar, eins og hún kemur fram í Íslandssögu hans.“

### Fornritin sem áskorun

Ýmsir þeir sem fjalla um afstöðu Halldórs Laxness til fornritanna benda á að hún hafi löngum verið tvíbent; sambland af aðdáun og ögrun. Í þessu sambandi talar Steingrímur J. Þorsteinsson um sonarhlutverk Halldórs gagnvart hinum fornu höfundum, þann vanda „fyrir atgervis- og afburðamann að eiga sér heimsfrægt foreldri“. Halldór var ekki einn um að glíma við þennan vanda. Á fyrri hluta tuttugustu aldar fólst „sjálfstæðisbarátta“ fjölmargra íslenskra listamanna í skapandi úrvinnslu bókmenntaarfsins.

Nægir að benda á Sögusinfóníu Jóns Leifs eða kúbísk áhrif í höggmyndinni Sæmundur á selnum eftir Ásmund Sveinsson.

Í þessu sambandi eru fróðleg þau orð sem Halldór hefur um myndskreytingarnar í Brennunjalssögu sinni, en þær voru eftir þá Gunnlaug Scheving, Snorra Arinbjarnar og Þorvald Skúla-son. „Ég þykist þess fullviss,“ skrifar Halldór í eftirmála, „að ýmsar þær teikningar, sem hér sjá fyrst dagsins ljós, muni standa um aldur listræn afrek, jafnvirð hinum ódauðlega texta sem þau voru sköpuð til að þjóna.“ Svipaða hugsun má finna í grein sem Kristinn E. Andrésson, einn þingmanna Sósíalístaflakksins, skrifaði í tilefni af sjö hundruð ára ártíð Snorra Sturlusonar: „Með

fögnuði getum við viðurkennt, og það er okkar mesta gleði, þegar við minnumst Snorra nú, að Ísland nútímans hefur unnið menningarlega sigra, sem eru fornöldinni fullkomlega samboðnir.“

Eftir því sem á öldina leið tók þessi fyrsta kynslóð íslenskra atvinnulistamanna við föðurhlutverkinu sem fornritin höfðu þjónað í þeirra eigin tilviki. Gildi fornritanna fyrir íslenskt menningar- og þjóðlíf er ekki jafn ótvírætt í byrjun tuttugustu og fyrstu aldar og á árum síðari heimsstyrjaldar þegar meirihluti þingmanna vildi lögleiða höfundarrétt ríkisvaldsins á þessum verkum. Hitamálin í þjóðfélaginu undanfarin misseri snúast um eignarrétt þjóðarinnar á fiskimiðunum umhverfis landið, náttúruauðlindum á hálendinu og upplýsingum í sjúkraskrá. Fornritin halda engu að síður áfram að fylgja þjóðinni á vegferð hennar inn í framtíðina, bæði á sínum eigin forsendum og sem bergmál frá tuttugustu öldinni: Grettisbeldið, Héraðssambandið Skarphéðinn, Lokastígur, Snorri Sturluson RE 219, Sælgætisgerðin Freyja, Ölgerð Egils Skallagrímssonar, Hótel Saga, Varðskipið Óðinn, Njálusetrið á Hvolsvelli, Urður, Verðandi, Skuld ... Þannig halda þessi rit áfram að vera þjóðareign, dýrgripir sem einstaklingar, fyrirtæki og héruð hirða arð af, hvert með sínum hætti.

Á vinstri síðu: Úr sagnahandritinu AM 152 fol.  
Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi.



# HANDRITIN

RITGERÐIR UM ÍSLENSK MIÐALDAHANDRIT, SÖGU ÞEIRRA OG ÁHRIF

Ritstjórn: Gísli Sigurðsson og Vésteinn Ólason



Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi  
Reykjavík 2002